

ÓTTAR YNGVASON

HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR
SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 588 7690 og 892 1529
Netfang: ottar@iec.is

Matvælastofnun,
Austurvegi 64,
800 Selfossi.
Sent á netfang:
mast@mast.is

31. júlí 2020.

Afrit sent
Umhverfisstofnun
á netfang: ust@ust.is

Efni: Athugasemdir við tillögu að rekstrarleyfi fyrir laxeldi með 10.000 tonna hámarkslífmassa í sjókvíum í Reyðarfirði á vegum Laxa eignarhaldsfélags ehf. (áður Laxar fiskeldi ehf.)

Fyrir hönd Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélagins LAXINN LIFI, Veiðifélags Breiðdæla, Veiðifélags Hofsaár og Sunnudalsaár, Veiðifélags Vesturdalsaár og Veiðifélags Selár er ofangreindri tillögu að rekstrarleyfi fyrir risalaxeldi með norskum kynbættum laxastofni í sjókvíum í Reyðarfirði alfarið mótmælt sem andstæðri lögum. Gerð er krafa um að Matvælastofnun hafni útgáfu rekstrarleyfisins vegna margra og verulegra annmarka og ólögmætri framkvæmd eins og nánar er greint hér á eftir.

Sama krafa er gerð varðandi hugsanlega útgáfu Umhverfisstofnunar á starfsleyfi fyrir framkvæmdina.

Helstu athugasemdir við tillögu að rekstrarleyfinu eru eftirfarandi:

1. Málsmeðferð og afgreiðsla umsókna um rekstrarleyfi fer eftir eldri ákvæðum fiskeldislaga nr. 71/2008.

Það athugast, að samkvæmt bráðabirgðaákvæði II. í lögum nr. 101/2019, 24. gr., skal málsmeðferð fara samkvæmt eldri ákvæðum fiskeldislaga nr. 71/2008. Vísast sérstaklega til ákvæða í III. kafla laganna. Auglýst tillaga að rekstrarleyfi samræmist ekki eldri ákvæðum í 2. ml. 2. mgr. 10. gr. fiskeldislaganna.

Þá ber að fara eftir ákvæðum í reglugerð nr. 1170/2015, sem sett var samkvæmt eldri ákvæðum fiskeldislaga nr. 71/2008. Reglugerð nr. 1170/2015 er í fullu gildi, enda eru ákvæði þeirrar reglugerðar um efni og útgáfu rekstrarleyfa ekki andstæð ákvæðum reglugerðar nr. 540/2020, sem sett er samkvæmt nýrri ákvæðum fiskeldislaga með lögum nr. 101/2019. Samkvæmt ákvæðum IV. kafla reglugerðar nr. 1170/2015 eru

ýmsir annmarkar á auglýstri tillögu að rekstrarleyfi. Vísast sérstaklega til 12., 13. og 14. greina reglugerðarinnar.

2. Pólitísk ákvörðun að leyfa laxeldi í opnum sjókvíum við strendur landsins?

Matvælastofnun hefur haldið því sjónarmiði á lofti sem réttlætingu á útgáfu rekstrarleyfa til laxeldis í opnum sjókvíum að tekin hafi verið sú pólitíska ákvörðun að leyfa laxeldi í sjókvíum hérlendis, enda hafi verið sett lög um fiskeldi. Út af fyrir sig er það rétt, að fiskeldislög gera ráð fyrir laxeldi í sjókvíum sem möguleika í fiskeldi, og má því vel orða það svo, að tekin hafi verið pólitísk ákvörðun þess efnis. Af þessari staðreynd má hins vegar ekki draga of víðtækar ályktanir, sem verði til þess að það gleymist, að önnur pólitísk ákvörðun var tekin við setningu fiskeldislaganna, ákvörðun, sem samkvæmt berum orðum laganna er réttþærri. Þetta er sú pólitíska ákvörðun að vernda villta laxastofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra skuli ekki stefnt í hættu. Hvernig gera lögin markmiðið um vernd villtra laxastofna og sjálfbæra nýtingu þeirra réttþærra en fiskeldi, þ. á m. í sjókvíum? Því svara lögin sjálf þannig:

Í 1. gr. fiskeldislaga nr. 71/2008 segir m.a.: „að tryggja skuli verndun villtra nytjastofna og koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna.“ Síðan segir í 2. mgr.: „Við framkvæmd laga þessara skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.“ Í athugasemdum við þessa grein í greinargerð frumvarpsins sem varð að lögum nr. 71/2008 segir svo: „Á hinn bóginn er það skýrt og endurspeglast að sínu leyti í markmiðsyfirlýsingu 2. mgr. og fleiri greinum frumvarpsins að vöxtur og viðgangur atvinnugreinarinnar [fiskeldis] má ekki gerast á kostnað viðgangs og nýtingar villtra fiskstofna. Í þessari takmörkun felst í raun að begar ekki fara saman annars vegar hagsmunir þeirra sem veiðirétt eiga samkvæmt lax- og silungsveiðilögum og hins vegar þeirra sem fjallað er sérstaklega um í frumvarpi þessu víkja hinir síðarnefndu“ (undirstrikað hér).

Af framangreindum lagaákvæðum og lögskýringargögnum er ljóst, að við meðferð umsókna um leyfi til fiskeldis verður ávallt að taka mið af grundvallarreglum fiskeldislaganna, að ekki skuli stefnt í hættu vernd villtra laxastofna og sjálfbærri nýtingu þeirra. Ekkert fiskeldisleyfi má gefa út nema sýnt sé fram á það með óyggjandi hætti, að ekki sé með því farið gegn þessum grundvallarreglum.

Aðilar þessara athugasemda benda á, að framkvæmdaraðilinn hafi ekki sýnt fram á það í matsskýrslunni, að framkvæmdin samrýmist ákvæði 1. gr. laga nr. 71/2008. Enginn sem að laxeldi í sjókvíum kemur dregur í efa, að eldislax strýkur eða sleppur í meira eða minna mæli úr opnu sjókvíaeldi og getur skaðað villta laxastofna með erfðamengun. Sama niðurstaða hefur komið fram í álitsgerð Skipulagsstofnunar (23. september 2016), þar sem segir: “Óumflýjanlegt sé að eldislax, sem sé af norskum uppruna, sleppi úr sjókvíum. Hættan á því að erfðablöndun verði og geti valdið tjóni sé raunveruleg og hún aukist eftir því sem umfang eldisins verði meira.”

Vegna fyrirhugaðrar framleiðsluaukningar er því mikilvægt að lagt sé mat á hættuna á erfðablöndun og afleiðingar hennar fyrir villta stofna, í stað þess að afgangur áhrifin sem "óveruleg og afturkræf" (bls. 76 í matsskýrslu). Hér skal einnig bent á

umfjöllun framkvæmdaraðila í næst síðustu málsgrein á bls. 71 í matsskýrslu hans, þar sem hann staðfestir skaðsemi eldislaxa í náttúrunni.

Þá er bent sérstaklega á áhættumat Hafrannsóknastofnunar 14. júlí 2017. Af því verður sú ályktun dregin, að allar silungs- og laxveiðiár landsins séu í hættu vegna strokfisks úr sjókvíaeldi, hvar sem eldið er staðsett.

Neikvæðum áhrifum innblöndunar eldislaxa í náttúrulega stofna hefur verið ýtarlega lýst í erlendum rannsóknum. Þær sýna að blöndun eldislaxa við náttúrulega stofna leiðir til verulega minnkaðrar viðkomu, truflar náttúruval og dregur úr líffræðilegri fjölbreytni villtu laxastofnanna. Notkun á kynbættum laxi af norskum uppruna í sjókvíaeldi hérlendis mun því skaða og að lokum eyða náttúrulegum íslenskum stofnum. Af þeim sökum er bannað m.a. í Noregi, Bandaríkjunum, Kanada og Alaska að nota framandi laxastofn í sjókvíaeldi.

Framkvæmdaraðilinn hefur ekki lagt fram nein gögn, sem gefa til kynna, að áform hans séu íslenskum laxastofnum hættulaus. Þvert á móti verður ekki annað séð en hann hyggist notast við úreltar lausnir, sem illa hafa gefist annars staðar, leitt hafa til verulegs og óafturkræfs tjóns á laxastofnum og ekki eru lengur leyfðar í Noregi, þegar ný laxeldisleyfi eru veitt.

3. Dýpi á fyrirhuguðum eldissvæðum er ófullnægjandi.

Í tillögu að rekstrarleyfi fyrir eldi með 10.000 tonna hámarkslífmassa er getið um fjögur fyrirhuguð eldissvæði í Reyðarfirði með tilheyrandi hnitum.

Við skoðun á dýptartölum þessara eldissvæða á bls. 199 og 200 í matsskýrslu kemur í ljós, að dýpi mikils hluta allra svæðanna er ófullnægjandi fyrir þær eldiskvíar sem framkvæmdaraðili fyrirhugar að nota. Kvíarnar eru 30 metrar á dýpt og þar sem undir kvíunum verða að vera 10-15 metrar til botns er lágmarksdýpi því 40 – 45 metrar.

Dýpi á eldissvæðunum fjórum er að verulegu undir þessu dýptarlágmarki:

Rifsker: Um 80% svæðisins er með 17 – 32 metra dýpi.
Vattarnes: Um 65% svæðisins er með 11 – 38 metra dýpi.
Hafranes: Um 40% svæðisins er með 20 – 42 metra dýpi.
Kolmúli: Um 50% svæðisins er með 17 – 40 metra dýpi.

Útgáfa rekstrarleyfis fyrir sjókvíaeldi á þessum grunnu svæðum hefur í för með sér stórfellda hættu á að kvíar skaðist og fiskur strjúki og er því óforsvaranleg.

4. Röng lágmarksseiðastærð tilgreind í tillögu að rekstrarleyfi.

Í matsskýrslu framkvæmdaraðila 1. ágúst 2018 kemur fram að notuð verði stór eldisseiði, að lágmarki 200 g. og kvíar með litla möskva, að lágmarki 18 mm legg. Í áliti Skipulagsstofnunar 4. janúar 2019 segir á bls. 19: Komi til leyfisveitinga telur Skipulagsstofnun að rekstrarleyfi þurfi að kveða á um eftirfarandi:

6) Skilyrði um að ekki verði sett út seiði undir 200 g að þyngd og að ný seiði verði ekki sett í netpoka með stærri möskva en 18 mm legg (1/2 möskvi).

Í tillögu að rekstrarleyfi er þessu skilyrði ekki sinnt, heldur segir þar: Frjó seiði sem sett eru út í kvíar skulu vera yfir 56 gr. Mótmælt er þessu einkennilega stærðarmarki, sem MAST virðist taka upp hjá sjálfri sér.

5. Ýmis atriði vantar, sem skylt er að fram komi í rekstrarleyfi.

Það ítrekast að skv. bráðabirgðaákvæði II. í lögum nr. 101/2019, 24. gr., skal málsmeðferð hér fara samkvæmt eldri ákvæðum fiskeldislaga nr. 71/2008. Samkvæmt þeim eldri lögum vantar margvísleg ákvæði í tillögu að rekstrarleyfinu t.d. eftirfarandi:

Ákvæði vantar um leyfilegt framleiðslumagn (aðeins getið um hámarkslífmassa).

Ákvæði vantar um varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskar sleppi (aðeins vísað í að þær skuli vera skráðar og aðgengilegar hjá eldisaðila).

Ákvæði vantar um skyldu til notkunar erfðavísa (aðeins getið um skyldu til að halda skrá yfir uppruna eldislaxa).

Ákvæði vantar sem kveður á um skyldu til utanálíggjandi merkingar á eldislaxi.

6. Rekstrarleyfisútgáfan andstæð lögum.

Útgáfa rekstrarleyfisins er andstæð fjölmörgum lagaákvæðum. Sem dæmi skal getið hér nokkurra lagaákvæða (ekki tæmandi talin):

Markmiðsákvæði 1. gr. fiskeldislaga nr. 71/2008.
2. mgr. 8. gr. laga nr. 71/2008 um a.m.k. 30% eigin fjármögnun eldisins.
Markmiðsákvæði 1. og 2. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.
9. gr. náttúruverndarlaga (varúðarreglan, að náttúran skuli njóta vafans).
Samningur um líffræðilega fjölbreytni.
Parísarsamningurinn um verndun NA-Atlantshafsins (OSPAR).
73. gr. EES samningsins.
Tilskipun 2011/92/ESB, sérstaklega b-liður 1. mgr. 9. gr.

Auglýst tillaga að rekstrarleyfi er með öllu ónothæf sem slík vegna fjölmargra annmarka eins og getið er um að framan. Að auki er framkvæmdin ólögæt.

Virðingarfyllst,
f.h. kæranda


Óttar Yngvason

Afrit sent Umhverfisstofnun.

Sent með hliðsjón af umsókn um starfsleyfi fyrir sömu framkvæmd.
Þar eiga við flestar sömu athugasemdir